

## Einstök samvinna á sviði sjónvarpsefnis í hálföld

Nordvision hefur verið hornsteinn samstarfs á sviði sjónvarpsefnis allt frá upphafi þess árið 1959. Samvinnan hefur fært sjónvarpsáhorfendum á Norðurlöndum þætti á borð við Fleksnes, Fanný og Alexander, MGP Nordic, Kontrapunkt og Örninn. Samvinnan er öflugri nú en nokkru sinni fyrr.

Norrænu ríkisreknu sjónvarpsstöðvarnar hafa aldrei unnið saman á jafnmörgum sviðum og nú er gert. Fjöldi sameiginlegra framleiðsluverkefna vex stöðugt með hverju árinu. Sama máli gegnir um fjölda útsendingartíma. Meira er sent út af norrænu sjónvarpsefni í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Íslandi og Danmörku en nokkru sinni fyrr.

Ástæðan er einföld. Samvinnan gerir sjónvarpsstöðvunum kleift að framleiða meira af gæðaeefni með minni tilkostnaði. Stöðvarnar skiptast einnig á efni þvert á landamærin. Í stuttu máli má segja að hver stöð fái fimm þætti fyrir hvern einn sem hún borgar fyrir.

Þannig hefur það verið síðan norrænu ríkisreknu sjónvarpsstöðvarinnar fjórar stofnuðu Nordvision í nóvember 1959. Sænska rásin SVT (þá SR), NRK frá Noregi, YLE frá Finnlandi og danska stöðin DR áttu allar fulltrúa á fyrsta fundinum í Stokkhólmi. RUV kom svo til skjalanna árið 1966.

Samstarfið er einstakt og hvergi annars staðar í heiminum geta menn vísað til jafn glæsilegs árangurs í sambærilegum verkefnum. Helstu ástæður þess hve vel hefur gengið að styrkja samstarfið er sameiginlegur menningararfur og sameiginleg þjóðareinkenni sem eru með norrænu þjóðunum. Samstarfsfólkið hefur getað deilt reynslu sinni og góðum ráðum af ýmsu tagi vegna þess að ekki var um keppinauta að ræða heldur samstarfsfólk.

Nordvision-samstarfið hefur fært norrænum sjónvarpsáhorfendum mikinn fjölda útsendinga sem allar hafa stuðlað að því að móta sameiginlega norræna sjálfsmynd. Margir í hópi fullorðinna muna eftir hinum töfrandi sænska þáttastjórnanda, Sten Broman í Kontrapunkti, spurningaþættinum um sígilda tónlist, auk þess sem margir brosa út í annað þegar þeir hugsa um hinn sjálfumglaða norska piparsvein, Marve Fleksnes.

Samvinnan nær orðið til þáttagerðar af öllu tagi, allt frá skemmtiþáttum og barnaeefni til fræðsluþátta, fréttu og ekki síst leikins efnis. Hver man ekki eftir hinni sígildu þáttaröð Bergmans, Fanný og Alexander, eða eldri þáttum eins og Útflytjendurnar? Á síðari árum hefur leikið norrænt efni verið sýnt alls staðar á Norðurlöndum á besta sýningartíma og fengið metáhorf. Danska spennuþáttaröðin Örninn naut næstum því jafn mikilla vinsælda annars staðar á Norðurlöndum og í heimalandinu. Norrænt sjónvarpssamstarf gengur það vel að um þessar mundir er vinsælasti þáttastjórnandinn í Svíþjóð norskur.

Bjarni Guðmundsson er umsjónarmaður með erlendri dagskrá hjá RUV og hann segir: „RUV hefur notið mjög góðs af Nordvision-samstarfinu allt frá

Því að stöðin gekk til liðs við samtökin árið 1966. Mikilvægur þáttur samstarfsins er að skiptast á norrænu sjónvarpsefni og framleiða það í sameiningu en við njótum einnig góðs af faglegum stuðningi norrænna samstarfsaðila. Þar á ég til dæmis við það að móta markmið í starfi, að þróa nýjar hugmyndir að sjónvarpsefni, að miðla reynslu sinni gagnkvæmt o.s.frv. Sem Íslendingur verð ég þó að segja að af öllu því norræna sjónvarpsefni sem við höfum framleitt í sameiningu er ég líklega hrifnastur af Erninum."

Henrik Hartmann er framkvæmdastjóri Nordvision og hann hefur eftirfarandi að segja um samstarfið: „3600 sjónvarpsþættir á ári segja alla söguna. Hagnaðurinn af samstarfinu liggur fyrst og fremst í því að heildarupphæðin er hærri en sú upphæð sem hver og einn leggur af mörkum. Sá kostur fylgir einnig samstarfinu að við nýtum okkur skapandi samstarfsfólk til þess að hugsa á nýjan og frumlegan hátt en það er okkur lífsnauðsyn vegna þeirrar stöðu sem nú blasir við opinberu sjónvarpsstöðvunum á Norðurlöndum."

### **Helsta samframleitt norrænt efni undanfarna hálfa öld:**

#### **Kontrapunktur (1966-1980, 1988-1996)**

Hinn þjóðsagnakenndi Sten Broman stjórnaði Kontrapunkti, spurningaþætti um tónlist, í 14 ár eða allt til þess að hann féll frá árið 1980. Þættirnir voru sýndir í 22 ár, reyndar með sjö ára hléi. Árið 1988 tók Sixten Nordström við stjórn þáttanna.

#### **Skemmtiþættir á sjöunda áratug**

„Terningerne er kastet“, „Firklang“, „Trekamp“ og „Den Gyldne Pil“ eru dæmi um þær umfangsmiklu raðir skemmtiþátta sem mest fór fyrir í norrænu sjónvarpssamstarfi á sjöunda áratug.

#### **Útflytjendurnir og Innflytjendurnir (frá 1971)**

Þáttaröðin og kvikmyndirnar byggjast á skáldsögum Wilhelms Mobergs frá því um miðja öldina en þar er lýst búferlaflutningum Svía til Minnesota í Bandaríkjunum.

#### **„Fleksnes“ og „Hylands Hörna“ á áttunda áratug**

Fleksnes var norsk gamanþáttaröð sem sýnd var í NRK á árunum frá 1972 til 2002. Rolv Wesenlund lék aðalhlutverkið, sjálfsánægðan piparsvein að nafni Marve Fleksnes. Þættirnir slógu fjótlega í gegn í Noregi en þeir urðu líka mjög vinsælir í Danmörku, Svíþjóð og Íslandi þar sem þeir voru allir sýndir í ríkissjónvarpinu. Lennart Hyland hjá SVT varð einnig þekktur víðast hvar um Norðurlönd en hann stjórnaði bæði fjölmörgum samnorrænum útsendingum á vegum Nordvision og sænskum þáttum sem sendir voru út beint af Nordvision, til dæmis „Hylands Hörna“.

#### **„Fanný og Alexander“ og „Hinn góði vilji“, 1982 og 1990**

„Fanný og Alexander“ er heitið á bæði kvikmynd og sjónvarpsþáttaröð sem framleidd var í samstarfi við sænsku kvikmyndastofnunina árið 1982 og við SVT, DR, NRK og YLE. Kvikmyndin og þáttaröðin eru ættarsaga og lýsa æskuárum Bergmans. „Hinn góði vilji“ er frá árinu 1900, fjallar um uppvaxtar- og æskuár Bergmans og er framleiddur af SVT í samstarfi við DR, NRK, YLE og ZDF (þýska sjónvarpsstöð).

#### **„Lansinn“ (1997)**

„Lansinn“ frá árinu 1997 hefur verið sagður blanda af sjúkrahússápu, melódráma, grínsápu, hryllingsmynd, leynilögreglumynd og subbuskap úr hugarheimi Lars von Triers. Þættirnir voru átta talsins, Zentropa og DR framleiddu þá og hinar norrænu sjónvarpsstöðvarnar voru meðframleiðendur.

#### **„MGP - Nordic“, „Nu er det Nu“, „Hundeparken“ og „Amigo“**

Þessir þættir eru allir góð dæmi um norrænt sjónvarpsefni fyrir börn og unglinga sem unnið hefur verið í samstarfi við Nordvision. „Amigo“ er spurningaþáttur fyrir stálpaða krakka, mótaður á sameiginlegum norrænum grunni en framleiddur í þremur mismunandi útgáfum í hverju landi fyrir sig hjá DR, NRK og SVT.

**„Tinas mat“, „Når storken svigter“, „Strömsö“, „Hurtigruten“ o.fl.**

Árlega skiptast DR, NRK, SVT, YLE, UR og RUV á rúmlega 2000 þáttum. „Tinas mat“ er líklega sú norræna skiptiþáttaröð sem mest áhorf hefur, auk þess sem nú fylgist nær ein milljón Svía með norsku þáttaröðinni „Þar sem engum dettur í hug að nokkur gæti átt heima...“.

**Norrænt leikið sjónvarpsefni nýtur mikilla vinsælda**

„Örninn“, „Hunter“, „Berlínaraspírnar“, „Króníkan“, „Höök“, „Snaphanarna“, „Saltön“, „Himmelblá“ og „Forbrydelsen“. Aldrei hafa Norðurlandabúar áður horft á svo mikið á norrænt sjónvarpsefni og undanfarin þrjú til fjögur ár. Á hverju ári kemur á markaðinn nær 400 klukkustunda norrænt leikið sjónvarpsefni á grundvelli norræna samstarfsins.

**Ýmsar staðreyndir**

Nordvision vinnur að því að styrkja ríkisrekið sjónvarp á Norðurlöndum með sameiginlegri framleiðslu og gagnkvæmum skiptum á sjónvarpsefni og þekkingu. Samstarfið skilar árlega um það bil 1800 klukkustundum af efni til samstarfsaðilanna DR, NRK, RUV, SVT, KNR, KVF, UR og YLE.

Nordvision var stofnsett árið 1959 af ríkissjónvarpsstöðvunum YLE í Finnlandi, SVT (áður SR) í Svíþjóð, NRK í Noregi og DR í Danmörku.

Árið 1966 bættist RÚV í hópinn og síðar komu Grænland og Færeyjar til sögu í gegnum DR, auk Utbildningsradioen (Fræðslusjónvarpsins) á vegum SVT.

Árið 1971 var skrifstofa Nordvision sett á laggirnar.

Árið 1988 var Nordvision-sjóðurinn stofnaður

Árið 1991 var hætt að afhenda frumsamið efni án endurgjalds

Árið 2006 voru skrifstofur Nordvision fluttar til Kaupmannahafnar

Árið 2009 var komið á fót stafrænu dreifingarkerfi samstarfsaðilanna

**Hafið samband við:**

Henrik Hartmann, Generalsekretær I Nordvision, [hrh@dr.dk](mailto:hrh@dr.dk), DR - DR Byen, Emil Holms Kanal 20, 0999 Copenhagen C, + 45 24 24 83 05, [www.nordvision.org](http://www.nordvision.org)